

Ár 2024, fimmtudaginn 19. desember er í áfrýjunardómstóli HSÍ í málinu nr. 1/2024:

Knattspyrnufélagið Haukar

gegn

ÍBV Íþróttafélagi

kveðinn upp svohljóðandi

d ó m u r :

Málið dæma Gunnar Jónsson, Jóhannes Albert Sævarsson og Þorsteinn Einarsson.

Með tilkynningu til skrifstofu HSÍ 28. nóvember sl. áfrýjaði Knattspyrnufélagið Haukar dómi dómstóls Handknattleikssambands Íslands (HSÍ), uppkveðnum 27. nóvember 2024. Fyrir þeim dómi hafði áfrýjandi gert þessar kröfur: „... aðallega að kröfum kæranda verði vísað frá dómi en til vara að kröfum kæranda verði hafnað og úrslit leiks kæranda og kærða verði látin standa óhöggð. Þá krefst kærði málskostnaðar úr hendi kæranda.“

Stefndi, ÍBV Íþróttafélag, gerði þær kröfur fyrir dómstóli HSÍ „... að Haukar teljist hafa tapað leik gegn ÍBV í Powerade bikarkeppni karla, meistaraflokki, með markatölunni 0-10.“

Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) gerði ekki sérstakar kröfur í málinu.

Dómstóll HSÍ féllst á kröfu stefnda og er úrskurðarorðið á þessa leið: „Kærði, Knattspyrnufélagið Haukar ehf., telst hafa tapað leik við kæranda, ÍBV Íþróttafélag, sem fram fór í Powerade bikarkeppni karla, meistaraflokki, þann 17. nóvember 2024, með markatölunni 0-10.“

Áfrýjandi, Knattspyrnufélagið Haukar, skilaði áfrýjunargreinargerð sinni ásamt dómskjöllum þann 29. nóvember sl. og gerir þær kröfur: „... að niðurstöður hins áfrýjaða dóms verði hnekkð og úrslit leiksins látin standa óbreytt, 37-29, Haukum í vil. Til vara er þess krafist að félagið verði látið sæta sektum sbr. 3. mgr. 33. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót en að úrslit leiksins standi óbreytt.“

Stefnda, ÍBV Íþróttafélagi, var með tölvupósti dags. 11. desember sl. veittur þriggja daga greinargerðarfrestur og barst greinargerð stefnda þann 14. desember sl. Stefndi krefst þess „... að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.“

Niðurstaða:

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Niðurstaða hins áfrýjaða dóms er á því byggð að orðalag 8. mgr. 7. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót sé fortakslaust um að „...leikskýrsla ... skuli liggja fyrir eigi síðar en 60 mínútum fyrir leik og eftir þann tíma er óheimilt að gera breytingar á henni.“ Fallast verður á það með dómstólnum að svo sé. Ekki hafa verið bornar brigður á gildi reglugerðarinnar.

*Fyrir dómstóli HSÍ virtist óumdeilt að leikskýrslunni var breytt eftir að greint tímamark var liðið. Í greinargerð áfrýjanda er að finna hugleiðingar um hvort skýrslu hafi í raun verið breytt eða ekki. Gögn bera þó með sér að skýrslunni var breytt þegar innan við 60 mínútur voru til leiks, eða eftir að tímamark til breytinga var liðið.*

*Að þeirri niðurstöðu fenginni þjóna vangaveltur um hvort breyting hafi verið samþykkt af stefnda hér fyrir dómi (kærandi fyrir dómstóli HSÍ), eftirlitsmaður fallist á eða gert athugasemd við breytingu, engum tilgangi. Reglan er fortakslaus og breyting verður ekki gerð á leikskýrslu síðustu 60 mínútur fyrir leik.*

*Hinn áfrýjaði dómur er því staðfestur og er vísað til forsendna hans um annað en að framan greinir.*

*Ekki hefur verið krafist málskostnaðar fyrir áfrýjunardómstóli HSÍ.*

#### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur er því staðfestur og vísað er til forsendna hans um annað en að framan greinir.

Gunnar Jónsson

Jóhannes Albert Sævarsson

Þorsteinn Einarsson

# Undirritunarsíða

Gunnar Jónsson

Jóhannes Albert Sævarsson

Þorsteinn Einarsson